



Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 44 119. ár

16. mars 2026

Útgáfud.: 13. mars 2026

Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-97/2026

Fyrirkall:

Héraðsdómur Vesturlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-97/2026:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Vesturlandi.

Ákærði: Julian Daniel de Koning,

verður tekið fyrir á dómþingi 14. apríl 2026 kl. 9.40.

Staður: Salur dómstólsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu málsins eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Snorri Örn Clausen aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Vesturlandi: gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Vesturlands á hendur Julian Daniel de Koning, fæddum. 27. september 2002, með óþekkt lögheimili í Hollandi, fyrir brot á lögum um lax- og silungsveiði með því að hafa þriðjudaginn 8. júlí 2025, verið á veiðum án leyfis í Straumfjarðará við veiðistaðinn „Gamla brú“ í landi Hrísdals á Snæfellsnesi.

Telst þetta varða við a.- lið 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vesturlandi, 12. mars 2026

Guðfinnur Stefánsson aðstoðarsaksóknari.

20260313002A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-95/2026

Fyrirkall:

Héraðsdómur Vesturlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-95/2026:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Vesturlandi.

Ákærði: Jose-Mardoqueo Dominguez, fd. 28.04.1987, Kanada,

verður tekið fyrir á dómþingi 14. apríl 2026 kl. 9.50.

Staður: Salur dómstólsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu málsins eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Snorri Örn Clausen aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Vesturlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Vesturlands á hendur Jose-Mardoqueo Dominguez, fd. 28.04.1987, Ótiltekið, erlendur ríkisborgari, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 29. september 2025, ekið bifreiðinni UAN07 undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 1,24 ‰) um Snæfellsnesveg við Brimilsvelli í Snæfellsbæ, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3. mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vesturlandi, 12. mars 2026

Guðfinnur Stefánsson aðstoðarsaksóknari.

20260313004A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Dómsbirting - mál nr. S-5900/2025

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember í máli nr. S-5900/2025.

Dómsorð:

Ákærði, Norbert Pawel Kruszynski, greiði 140.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur réttinum til að öðlast ökuskírteini í 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Rut Hrafns Elvarsdóttir.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Reykjavík, 6. mars 2026

f.h. Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu,

Anna Guðbjörg Hólm Bjarnadóttir saksóknarfulltrúi.

20260313013A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Dómsbirting - mál nr. S-5899/2025

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. desember 2025 í máli nr. S-5899/2025.

Dómsorð:

Ákærði, Marteinn Jóhannsson, greiði 400.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 24 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 475.233 krónur í sakarkostnað.

Sigurbjörg Birta Berndsen.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Reykjavík, 6. mars 2026
f.h. Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu,
Elín Hrafnisdóttir aðstoðarsaksóknari.
20260313014A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Dómsbirting - mál nr. S-5006/2025

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 2025 í máli nr. S-5006/2025.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Ingi Kristinsson, sæti fangelsi í 5 mánuði. Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Ákærði greiði 115.521 krónur í sakarkostnað.

Rut Hrafn Elvarsdóttir.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Reykjavík, 6. mars 2026
f.h. Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu,
Elín Hrafnisdóttir aðstoðarsaksóknari.
20260313015A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Málflutningsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Oliver Ómarssyni málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólunum.

Siglufirði, 5. mars 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313024A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Málflutningsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur afhent Sigfríð Elínu Þorvaldsdóttur málflutningsréttindi hennar og eru þau nú virk.

Siglufirði, 4. mars 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313025A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Málflutningsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur afhent Ingibjörgu Halldórsdóttur málflutningsréttindi hennar og eru þau nú virk.

Síglufirði, 5. mars 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313026A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Málflutningsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veit Helga Magnúsi Gunnarssyni málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Síglufirði, 16. janúar 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313027A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Málflutningsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Ingu Lilly Brynjólfsdóttur málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Síglufirði, 19. janúar 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313028A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Málflutningsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Halldóri Kr. Þorsteinssyni málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Síglufirði, 12. febrúar 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313029A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Málflutningsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur Magnúsi Geir Björnssyni málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólunum.

Síglufirði, 6. mars 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313036A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Fasteigna- og skipasala - Löggilding að nýju

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra gaf út þann 12. mars 2026 löggildingu að nýju fyrir Kristínu Maríu Gunnarsdóttur til að starfa sem fasteigna og skipasali.

Siglufirði, 12. mars 2026
f.h. Sýslumannsins á Norðurlandi eystra,
Jón Hrólfur Baldursson.
20260313005A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Löggilding fasteignasala

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur gefið út löggildingu til Kristins Magnúsar Péturssonar til að vera fasteigna- og skipasali.

Siglufirði, 4. mars 2026
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260313030A

Útgáfud.: 13. mars 2026

D32 Endurhæfing slf.

Nafn: D32 Endurhæfing slf.

Kennitala: 460326-0950

Heimilisfang: Drápuhlíð 32, Reykjavík

Dagsetning samnings: 23.1.2026

Félagsmenn:

Sigurjón Jóhannesson, kt. 180887-3509, Drápuhlíð 32, Reykjavík, *ábyrgðaraðili*

Halla Ósk Ólafsdóttir, kt. 260986-3689, Drápuhlíð 30, Reykjavík, *samlagsaðili*

Prókúruumboð:

Sigurjón Jóhannesson, kt. 180887-3509, Drápuhlíð 32, Reykjavík

Firmað rita: Ábyrgðaraðili

Tilgangur: Tilgangur félagsins er sjúkraþjálfun og önnur endurhæfing.

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili

Ísat flokkun:

86.90.1 Starfsemi sjúkraþjálfara

Rekstrarform: Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 6. mars 2026
Firmaskrá
20260313009A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Valdór slf.

Nafn: Valdór slf.

Kennitala: 460326-1170

Heimilisfang: Þrastarhöfða 3, Mosfellsbæ

Dagsetning samnings: 26.1.2026

Félagsmenn:

Halldór Jón Björgvinsson, kt. 170777-5659, Þrastarhöfða 3, Mosfellsbæ, *ábyrgðaraðili*

Björgvin Halldórsson, kt. 170948-3789, Suðurgarði 5, Reykjanesbæ, *samlagsaðili*

Prókúruumboð:

Halldór Jón Björgvinsson, kt. 170777-5659, Þrastarhöfða 3, Mosfellsbæ

Firmað rita: Ábyrgðaraðili

Tilgangur: Tilgangur félagsins er útgáfa á bókum, margmiðlunarefni, spilum og tengdum vörum, heildsala og smásala, innflutningur og útflutningur.

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili

Ísat flokkun:

58.11.0 Bókaútgáfa

Rekstrarform: Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 6. mars 2026

Firmaskrá

20260313012A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Guðmundur Örn Golfkennsla slf.

Nafn: Guðmundur Örn Golfkennsla slf.

Kennitala: 460326-2220

Heimilisfang: Seilugranda 2, Reykjavík

Dagsetning samnings: 27.1.2026

Félagsmenn:

Guðmundur Örn Árnason, kt. 300891-3229, Seilugranda 2, 107 Reykjavík, *ábyrgðaraðili*

Björg Guðlaugsdóttir, kt. 220791-2899, Seilugranda 2, 107 Reykjavík, *samlagsaðili*

Framkvæmdastjórn:

Guðmundur Örn Árnason, kt. 300891-3229, Seilugranda 2, 107 Reykjavík

Prókúruumboð:

Guðmundur Örn Árnason, kt. 300891-3229, Seilugranda 2, 107 Reykjavík

Firmað rita: Ábyrgðaraðili

Tilgangur: Golfkennsla og önnur tengd starfsemi.

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili

Ísat flokkun:

85.51.0 Íprótta- og tómskundakennsla

Rekstrarform: Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 6. mars 2026

Firmaskrá

20260313031A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-1148/2026

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjavíkur gerir kunnugt:

Mál nr. S-1148/2026:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði: Marko Brlek, verður tekið fyrir á dómþingi 16. apríl 2026 kl. 10.00.

Staður: Dómsalur 202.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 6. mars 2026.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

Ákæra:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Marko Brlek, kt. 160897-3419, Ótilgreint, Hafnarfirði, fyrir líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt mánudagsins 5. ágúst 2024, utandyra við skemmtistaðinn Röntgen við Hverfisgötu 12 í Reykjavík, veist með ofbeldi að Isaac Edward Nick Milosavich, kt. 231285-4159 og slegið hann í andlitið með flötum lófa, með þeim afleiðingum að hann hlaut glóðarauga á báðum augum og nefbrot.

M: 007-2024-42774.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar

Skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 24. febrúar 2026.

Jakob Steinn Stefánsson saksóknarfulltrúi.

Reykjavík, 9. mars 2026

f.h. Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu,

Jakob Steinn Stefánsson saksóknarfulltrúi.

20260313021A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa Skattsins, kt. 540269-6029, Katrínartúni 6, Reykjavík, um töku bús Ósbakka ehf., kt. 430206-0600, Tröllakór 1, Kópavogi, til gjaldþrotaskipta, verður tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður

í dómsal nr. 1, að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, 3. hæð, fimmtudaginn 7. maí 2026, kl. 9.00.

Hér með er lagt fyrir fyrirvarsmann skuldarans, Tómas Kristinn Sigurðsson, kt. 051258-3559 með ótilgreint heimili í Reykjavík, að mæta þá fyrir dóm og halda uppi vörnum ef einhverjar eru en ella má búast við að krafan verði tekin til greina með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Héraðsdómi Reykjaness, 12. mars 2026
Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.
20260313037A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, kt. 430269-4459, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, Reykjavík, um töku bús IN OUT CATERING ehf., kt. 630321-0500, Suðurvangi 10, Hafnarfirði, til gjaldþrotaskipta, verður tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal nr. 1, að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, 3. hæð, fimmtudaginn 7. maí 2026, kl. 9.00.

Hér með er lagt fyrir fyrirvarsmann skuldarans, Omar Alrahman, kt. 171181-3059 með ótilgreint heimili í Írak, að mæta þá fyrir dóm og halda uppi vörnum ef einhverjar eru en ella má búast við að krafan verði tekin til greina með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Héraðsdómi Reykjaness, 12. mars 2026
Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.
20260313038A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Innköllun protabús - Tattoo ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Tattoo ehf.,
kt. 580315-0700,
Stangarhyl 7, 110 Reykjavík

Frestdagur:

12. nóvember 2025

Skiptafundur:

Þriðjudagur
9. júní 2026
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 12. mars 2026
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.,
Sunna Magnúsdóttir lögmaður.
20260313010A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Innköllun þrotabús - SLS-Eignir ehf

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
SLS-Eignir ehf, kt. 611298-3319, Kringlunni 7, 103 Reykjavík	12. nóvember 2025	Þriðjudagur 9. júní 2026 kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 12. mars 2026
f.h. Hrefnu Þórsdóttur lögmanns,
Sunna Magnúsdóttir lögmaður.
20260313011A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Innköllun þrotabús - RAL 9010 slf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
RAL 9010 slf., kt. 570921-0530, Grensásvegi 50, Reykjavík.	30. október 2025	miðvikudagur 20. maí 2026 kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 13, Reykjavík., á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2026
Þorsteinn Einarsson hrl.
20260313017A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Innköllun þrotabús - Ice Management ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Ice Management ehf., kt. 661005-1650, Laugavegur 170, Reykjavík.	30. október 2025	miðvikudagur 20. maí 2026 kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 13, Reykjavík., á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2026
Þorsteinn Einarsson hrl.
20260313018A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Innköllun þrotabús - Smiðjuhúsið slf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Smiðjuhúsið slf., kt. 650213-2460,	30. október 2025	miðvikudagur 20. maí 2026

Rósarima 3, Reykjavík

kl. 09:15

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 13, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2026

Þorsteinn Einarsson hrl.

20260313019A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Innköllun félagsslit - Novator ehf.

Á ályktunarbærum hluthafafundi hinn 16. desember 2025 í neðangreindu einkahlutafélagi var ákveðið að slíta félaginu. Voru þau Jónas Rafn Tómasson, kt. 041273-5699, Blikahöfða 18, Mosfellsbæ, lögmaður hjá KPMG Law ehf., og Kristín Sif Magnúsdóttir Laxdal, kt. 161194-2129, Auðbrekku 38, Kópavogi, lögfræðingur hjá KPMG Law ehf., kjörin í skilanefnd. Voru þau í kjölfarið löggilt til starfans af fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, merktar Kristínu Sif Magnúsdóttur Laxdal.

Skilanefnd hefur ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum félagsins á skrifstofu KPMG ehf. að Borgartúni 27, Reykjavík, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn einkahlutafélags:

Novator ehf.
kt. 451005-0220

Fundur lánardrottna og hluthafa:

22. maí 2026, kl. 16.00

Reykjavík, 9. mars 2026

Kristín Sif Magnúsdóttir Laxdal

20260313032A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Innköllun félagsslit - The War Tour ehf.

Tilkynning til kröfuhafa.

The War Tour ehf., kt. 460224-0980, Smiðjustíg 11A, Reykjavík, hefur ákveðið að slíta félaginu með skipulagðri slitameðferð. Slitastjórn félagsins hvetur alla kröfuhafa til að tilkynna kröfur sínar skriflega til slitastjórnarinnar innan þriggja mánaða frá birtingu þessarar tilkynningar.

Kröfur skal senda til: J.Byfleet, info@nogremlintravel.com.

Reykjavík, 6. mars 2026

Jennifer Byfleet.

20260313039A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Nauðungarsölur - Norðurland eystra

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Hafnarstræti 107, 600 Akureyri, 10. apríl 2026 kl. 10:00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Skarðshlíð 40, Akureyri

Fastanr.: 2150411

Gerðarþoli (-ar): Kristján Júlíus Erlingsson

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Fjárhæðir krafna í kr.: 456.943

Heiti eignar: Aðalbraut 24, Norðurþing

Fastanr.: 2167217

Gerðarþoli (-ar): Maritza Esther P Ospino

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Fjárhæðir krafna í kr.: 6.835.127

Heiti eignar: Brekkugata 47, Akureyri

Fastanr.: 2217878

Gerðarþoli (-ar): Þórdís Linda Dúadóttir

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbankinn hf

Fjárhæðir krafna í kr.: 507.475

Heiti eignar: Höfðahlíð 4, Akureyri

Fastanr.: 2147995

Gerðarþoli (-ar): Símon Þór Símonarson

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá-Almennar tryggingar hf

Fjárhæðir krafna í kr.: 311.473

Akureyri, 9. mars 2026

f.h. Halla Einaradóttir ftr.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra.

20260313001A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Skiptalok - 2mm verktakar ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum þann 9. október 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Ekki fundust eignir í búinu og var skiptum því lokið 5. mars 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:
2mm verktakar ehf.

Lýstar kröfur:
kr. 68.004.311

Reykjavík, 6. mars 2026
Magnús Baldursson lögmaður.
20260313003A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Skiptalok - Bakrás ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 9. október 2025, var bú Bakrásar ehf., kt.550921-2510, Hvammbraut 16, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum í þrotabúinu lauk í dag samkvæmt 2. mgr. 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur, alls að fjárhæð kr. 9.029.543, voru afturkallaðar.

Reykjavík, 11. mars 2026
Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður.
20260313008A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Skiptalok - Hagbyggir ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. október 2024 var eftirfarandi bú Hagbyggir ehf, kt. 640102-0450, Sunnuflöt 42, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið þann 17. janúar 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Lýstar kröfur voru samtals kr. 16.838.146.

Reykjavík, 6. mars 2026
Harpa Helgadóttir lögmaður.
20260313022A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Skiptalok - Tæmatúr ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 9. október 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið 2. mars 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Tæmatur ehf.
kt. 490519-0680

kr. 54.348.570

Reykjavík, 9. mars 2026
Haraldur Flosi Tryggvason Klein skiptastjóri
20260313035A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Mosfellsbær

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 17. desember 2025 að kynna og auglýsa nýja tillögu deiliskipulags í samræmi við 1. mgr. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan felur í sér uppskiptingu frístundalands, Krókavegur 21, L125199, í tvær frístundahúsalóðir, sem eru 5.205 og 5225 m² að stærð. Aðkoma að lóðunum er frá Nesjavallaleið yfir lóð með lnr.125194, Krókavegur 19.

Deiliskipulagstillagan er kynnt í Skipulagsgáttinni, á vef Mosfellsbæjar, Lögbirtingablaðinu, Mosfellingi og með kynningabréfi til hagaðila.

Gefinn er kostur á að skila inn skriflegum athugasemdum, umsögnum og ábendingum með rafrænum hætti til og með 28. apríl 2026.

Mosfellsbæ, 9. mars 2026
Lára Dröfn Gunnarsdóttir
20260313006A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Suðurnesjabær

Tillaga að að deiliskipulagi Bala, Stafnesi.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum þann 14. janúar 2026, að auglýsa og kynna tillögu deiliskipulagi við Bala, Stafnesi í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er u.þ.b. 10 ha. að stærð. Í deiliskipulagstillögunni, dags. desember 2025 felst að á 3,5 ha svæði er gert ráð fyrir 8 frístundalóðum, þar sem heimilt er að reisa þrjú hús á hverri lóð. Hámarks byggingarmagn á lóð er 300 m². Hámarksstærð húsa á hverri lóð má vera allt að eitt hús allt að 170 m² og allt að tvö gestahús 65 m² hvert. Sjá svæði auðkennt L3 og F2 í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034.

Tillagan er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 283/2026.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á <https://skipulagsgatt.is/>

Umsagnarfrestur er til og með 27. apríl 2026.

Suðurnesjabæ, 9. mars 2026
Jón Ben. Einarsson skipulagsfulltrúi Suðurnesjabæjar.
20260313007A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær

Hafnargata - Ægisgata - deiliskipulag (2024020309).

Vinnslutillaga og hönnunarleiðbeiningar fyrir neðri hluta Hafnargötu með Ægisgötu sbr. gögn Nordic Office of Architecture. Tilgangur skipulagsins er að styrkja, treysta og setja stefnu um uppbyggingu og yfirbragð Hafnargötu og nærsvæðis.

Umsagnir eða athugasemdir skulu vera skriflegar og berist í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar mál nr. 490/2024. Athugasemdafrestur er til og með 9. apríl 2026.

Fyrirspurnir berist á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is en nánari gögn eru í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Reykjanesbæ, 6. mars 2026

Skipulagsfulltrúi.

20260313023A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Stefna - til skilnaðar á hjúskap

Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur
þann 5. maí 2026.

Lydia Akinayi Ojore,

kt. 010286-5069,

óstaðsett í hús, Reykjavík,

gjörir kunnugt að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, á hendur Ólafi Austmann Þorbjörnssyni, kt. 310781-3479, óstaðsettum í hús í Reykjavík, til að fá lögskilnað á grundvelli 41. gr. sbr. 40. gr., sbr. XV. kafla laga nr. 31/1991, hjúskaparlög, með síðari breytingum, auk þess að hún fái ein fullt forræði með forsjá sameiginlegrar dóttur þeirra, Helgu Maríu Ólafsdóttur, kt. 040920-3820, og stefnda verði jafnframt gert að greiða meðlag með dóttur sinni.

Málflutningsumboð: Ólafur Kristinsson, lögmaður, rekur mál þetta fyrir stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að henni verði veittur lögskilnaður á grundvelli 41. gr. sbr. 40. gr., sbr. XV. kafla laga nr. 31/1991, hjúskaparlög, með síðari breytingum, frá eiginmanni sínum Ólafi Austmann Þorbjörnssyni og að henni verði einni með dómi veitt forræði um forsjá sameiginlegrar dóttur þeirra, Helgu Maríu Ólafsdóttur, kt. 040920-3820 og að stefnda verði með dómi gert að greiða meðlag með barninu.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarútreiknigur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins komi til þess. Stefnandi hefur fegið samþykktu gjafsókn við meðferð málsins.

Málavextir og málsatvik og málsástæður: Stefnandi máls þessa, Lydia Akinayi Ojore, kt. 010286-5069, giftist núverandi eiginmanni sínum Ólafi Austmann Þorbjörnssyni, á árinu 2019 og saman eiga þau dóturina Helgu Maríu Ólafsdóttur, kt. 040920-3820. Stefnandi hefur ítrekað flutt burt af heimili þeirra og hefur núna ekki búið saman með stefnda í yfir eitt og hálf ár. Hún hefur verið með dóttur sinni í konukoti og hefur nú í húsnæði á vegum konukots og borgarinnar. Ástæða þess er að stefndi er þræll fíknifjöfulsins og fer alltaf aftur og aftur í sama sporið, hann fer í meðferð og skömmu síðar fellur hann aftur í fíknipottinn. Hann hefur farið í á fimmta tug meðferða en er enn háður fíknidjöflinum. Stefnandi getur ekki verið nálægt honum þegar hann er komin í neyslu og það hefur skelfileg áhrif á dóttur þeirra. Jafnframt hefur það skelfileg áhrif á dóttur þeirra eftir að hún hefur umgengist stefnda. Hún verður pirruð og reið.

Stefndi hefur ekki beint lagt hendur á hana en beitir stefnanda miklu andlegu ofbeldi þegar hann er í neyslu og þegar hann er nýkomin úr neyslutúrum sínum. Þetta ofbeldi er það mikið að stefnandi getur ekki verið í návígi við hann.

Búið er að fara með málið fyrir sýslumanninn á Höfuðborgarsvæðinu og var málinu vísað frá í mai sl., þar sem eigenmaður hennar mætti ekki. Sýslumaður hefur gefið út sáttavottorð á grundvelli 33. gr. a. Barnalaga nr. 76/2003, hefur farið fram.

Stefnandi er eins og staðan er í dag á atvinnuleysisbótum og opinberri framfærslu þar sem hún missti vinnuna sína sumarið 2024. Nýlega hefur hún hafið störf á leiksskóla. Auk þess sem hún hefur þurft að hugsa um dóttur sína undir erfiðum aðstæðum.

Þá er til þess að horfa að ekki hefur spurst til Ólafs Austmann Þorbjörnssonar frá 18. ágúst 2025 þegar hann sást síðast, skólaus, símlaus og auralaus á bensinstöð í Búlgaríu, eftir að honum hafði verið sleppt úr haldi lögreglu þar í landi. Kærasta hans sem var með Ólafi í Búlgaríu á umræddum tíma hefur ekkert náð sambandi við hann og er komin heim og fór til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til skýrslutöku. Lögreglan er að kalla eftir gögnum frá Búlgaríu. Allir telja að meiri líkur en minni er á því að Ólafur Austmann Þorbjörnsson sé fremur liðin en lífs. Stefnandi hefur reynt að fá leiðréttingu hjá Skattinum þar sem allar barnabætur hafa farið til Ólafs Austmans en ekki til hennar. Hið sama á við varðandi skráningu á lögheimili sem hefur hamlað henni meðan hún er gift Ólafi Austmann, en hann þarf líka að samþykkja lögheimilisskráningu. Þá hefur þetta ollið stefnanda vandkvæðum varðandi Útlendingastofnun þar sem hún hefur þurft að endurnýja dvalar og atvinnuleyfi sitt hér á landi á grundvelli þess að hún sé gift Ólafi Austmann Þorbjörnssyni, er hefur aftur leitt til þess að hún hefur ekki getað farið með dóttur sína að heimsækja ættmenni sín í Kenýja.

Með vísan til ofangreinds er þess krafist að stefnanda verði veitt lögskilnaður frá stefnda, ásamt því að stefnanda verði veitt fullt forræði yfir dóttur þeirra Helgu Maríu Ólafsdóttur, kt. 040920-3820 og stefnda verði gert að greiða einfallt meðlag með dóttur sinni Helgu Maríu Ólafsdóttur. Enginn ágreiningur er um skiptingu á sameiginlegum fjárbúskap milli þeirra, þar sem stefnandi hefur ekki búið með stefnda sínum í yfir eitt og hálf ár og gerir engar kröfur til hans eigna.

Lagarök: Beiðni þessi um kröfu um Lögskilnað og fulla forsjá með sameiginlegu barni byggir á 41., 40. gr., sbr. XV. kafla laga nr. 31/1991, hjúskaparlög, sbr. V. kafla laga nr. 76/2003, barnalög, með síðari breytingum.

Málskostnaðarkrafa er í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Umbjóðandi minn er ekki virðisaukaskattskyld og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar, sbr. ákvæði laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stenanda hefur verið veitt gjafsóknarleyfi fyrir dómi vegna lögskilnaðar og forræðiskröfu hennar.

Framlagning: Undirritaður mun leggja fram eftirfarandi skjöl í máli þessu:

1. Beiðni þessa.
2. Afrit af Lögbirtingrblaði þar sem stefnan er birt.
3. Frávísun skilnaðarmáls frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.
4. Beiðni um skilnað dags. 5. júlí 2023.
5. Vottorð um sáttameðferð.
6. Sáttavottorð til leyfis til skilnaðar að borði og sæng.
7. Gjafsóknarleyfi.
8. Fjölmiðlaumfjöllun um hvarf Ólafs Austmann Þorbjörnssonar haustið 2025.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn og kalla til aðila eða vitni á síðari stigum. Þá er einnig áskilinn réttur til frekari rökstuðnings en þegar er fram kominn.

Áskorun og viðvörðun: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum aðilum til að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í Dómsal 101, Dómhúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík, þriðjudaginn 5. maí 2026 kl. 10.00 árdegis til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreindu átt. Að öðrum kosti má

búast við að útvistardómur gangi.
Stefnufrestur 1 mánuður.

Kópavogi, 12. mars 2026
Ólafur Kristinsson lögmaður.
20260313016A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Stefna - innheimta kaupverðs

Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjavíkur 21. apríl 2026

bylovisa skartgripir ehf.,
kt. 551009-1060,

Garðaflöt 25, Garðabæ,

gerir kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, á hendur Söndru Rut Þorgeirsdóttur, kt. 030782-5509, Reykjavík, til heimtu kaupverðs fyrir bifreið.

I. Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 3.740.000 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 28. apríl 2023 til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu.

II. Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Jóhann Fannar Guðjónsson, AX lögmannsþjónustu slf., Hlíðasmára 6, Kópavogi, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirvarsmáður stefnanda er Þorsteinn Eyfjörð Jónsson, kt. 010270-3599, Garðaflöt 25, Garðabæ, eini stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins.

III. Málavextir: Stefnandi hlutaðist til um sölu eigin bifreiðar með skráningarnúmerið VYJ30, af gerðinni Audi A3 SPORTBACK E-TRON. Bifreiðin var auglýst til sölu fyrir kr. 3.800.000. Stefnda falaðist eftir bifreiðinni og vegna vinnuréttarsambands var samið um að hún fengi hana afhenta áður en kæmi til formlegra eigendaskipta og greiðslu kaupverðs, sem skyldi vera kr. 3.740.000. Stefnandi greiddi váttryggingar og bifreiðagjöld allt til þess dags að formleg eigendaskipti fóru fram þann 28. apríl 2023, en við það tímamark var umsamið að stefnda greiddi kaupverðið. Stefnda greiddi hvorki kaupverðið þá né síðar.

Í kjölfar aðvörunar um að kaupum yrði rift vegna algerra vanefnda greip stefnda til þess ráðs að áframselja bifreiðina til þriðja aðila og hefur hún síðan gengið man fram af manni. Af þessum ástæðum afréð stefnandi að falla frá riftunaráformum sínum og halda þess í stað við kröfu um greiðslu kaupverðs auk dráttarvaxta.

IV. Málsástæður: Stefnandi byggir á rétti til efnda kaupsamnings um bifreiðina VYJ30 sem í sér fól að stefnda myndi greiða stefnanda kr. 3.700.000 fyrir bifreiðina. Stefnda fékk greiðslufrest á kaupverðinu þrátt fyrir afhendingu, en bar að greiða fjárhæðina eigi síðar en samhliða umskráningu á nafn stefndu í bifreiðaskrá 28. apríl 2023. Stefnda misnotaði góðvild stefnanda með því að greiða engan hluta kaupverðsins við umskráningu á hennar nafn. Hún áframseldi enn fremur bifreiðina þegar varað var við því að kaupum yrði rift vegna algerra vanefnda stefndu. Þrátt fyrir áskoranir hefur engin greiðsla borist og krefst stefnandi því dráttarvaxta af öllu kaupverðinu frá 28. apríl 2023, auk málskostnaðar.

Stefnda er óstaðsett í hús þótt lögheimili hafi á Íslandi, en ekki hefur reynst unnt að hafa uppi á henni og engin svör borist við tölvupósti á það netfang sem hún notaði á fyrri stigum. Í ljósi þessa og þar eð upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum, er stefnan birt í Lögbirtingablaði með stoð í a- lið 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

V. Lagarök: Stefnandi vísar einkum til 51. gr. og 52. gr. lausafjárkaupalaga nr. 50/2000, almennra reglna kröfuréttar og laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991 en málskostnaðarkrafa styðst einkum við 129.-131. gr.

laganna.

VI. Framlagning og áskilnaður: Stefnandi leggur fram gögn úr bifreiðaskrá vegna bifreiðarinnar og önnur skjöl sem varða réttarsamband aðila á fyrri stigum.

VII. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Söndru Rut Þorgeirsdóttur, kt. 030782-5509, Reykjavík, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 21. apríl 2026, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur að hlýða og leggja fram varnir af sinni hálfu, ef einhverjar eru. Ef ekki verður sótt þing af hálfu stefndu má búast við því að útvistardómur gangi í málinu í samræmi við gerðar kröfur og eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Kópavogi, 12. mars 2026

f.h. stefnanda,

Jóhann Fannar Guðjónsson lögmaður.

20260313020A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Stefna - til ógildingar á skuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,

Jónas Jóhannsson,

Fjarðargötu 9, Hafnarfirði,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Atli Björn Þorbjörnsson hrl., AX lögmannsþjónustu slf., Hlíðasmára 6, Kópavogi, að hann þurfi fyrir hönd Pratik Kumar, kt. 280277-2319, Mávanesi 4, Garðabæ að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á frumriti skuldabréfs.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf, útgefið þann 12. júlí 2022 af Maríusi Helga Sigurðarsyni, kt. 101297-2689, að fjárhæð kr. 3.500.000 og að það verði afmáð úr þinglýsingabókum Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Málsatvik og málsástæður: Skuldabréf það sem krafist er ógildingar á er upphaflega að fjárhæð kr. 3.500.000 var útgefið þann 12. júlí 2022 með beinni aðfararheimild. Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins var 1. september 2022 og skyldi það greiðast með 120 jöfnum afborgunum. Skuldari hefur greitt inn á skuld samkvæmt skuldabréfinu sem nemur fjárhæð 16 gjalddaga, eða kr. 466.672,- sem ráðstafað hefur verið til greiðslu á gjaldföllum gjalddögum. Gjaldfallnar fjárhæðir bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 38/2001 samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins. Frumrit skuldabréfsins er glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Stefnanda, sem er eigandi að skuldabréfinu, er því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á skuldabréfinu til að hann geti fengið aðför fyrir bréfinu eins og ef hann hefði bréfið undir höndum.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 120. gr. og 121. gr. í XVIII. kafla þeirra laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram eftirfarandi:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.
4. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
5. Ljósrit skuldabréfs, útgefið þann 12. júlí 2022.
6. Tilkynningu um gjaldfellingu - greiðsluáskorun ásamt birtingarvottorði, dags. 12.11.2025.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kynni að hafa framangreint skuldabréf undir höndum eða telja til réttar yfir þeim að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði miðvikudaginn 15. apríl 2026 kl. 9.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella megi búast við að útvistardómur gangi í málinu og krafa stefnenda um ógildingu skjalanna verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Hafnarfirði, 4. mars 2026.

Jónas Jóhannsson dómstjóri.

Kópavogi, 12. mars 2026

Atli Björn Þorbjörnsson lögmaður.

20260313033A

Útgáfud.: 13. mars 2026

Stefna - til ógildingar á skuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,

Jónas Jóhannsson,

Fjarðargötu 9, Hafnarfirði,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Atli Björn Þorbjörnsson hrl., AX lögmannsþjónustu slf., Hlíðasmára 6, Kópavogi, að hann þurfi fyrir hönd Pratik Kumar, kt. 280277-2319, Mávanesi 4, Garðabæ að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á frumriti skuldabréfs.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf, útgefið þann 12. júlí 2022 af Mariu Carolinu Willassen, kt. 010897-3009, að fjárhæð kr. 3.500.000 og að það verði afmáð úr þinglýsingabókum Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Málsatvik og málsástæður: Skuldabréf það sem krafist er ógildingar á er upphaflega að fjárhæð kr. 3.500.000 var útgefið þann 12. júlí 2022 með beinni aðfararheimild. Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins var 1. september 2022 og skyldi það greiddast með 120 jöfnum afborgunum. Skuldari hefur greitt inn á skuld samkvæmt skuldabréfinu sem nemur fjárhæð 16 gjalddaga, eða kr. 466.672,- sem ráðstafað hefur verið til greiðslu á gjaldföllnum gjalddögum. Gjaldfallnar fjárhæðir bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 38/2001 samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins. Frumrit skuldabréfsins er glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Stefnanda, sem er eigandi að skuldabréfinu, er því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á skuldabréfinu til að hann geti fengið aðför fyrir bréfinu eins og ef hann hefði bréfið undir höndum.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 120. gr. og 121. gr. í XVIII. kafla þeirra laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram eftirfarandi:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.
4. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
5. Ljósrit skuldabréfs, útgefið þann 12. júlí 2022.
6. Tilkyningu um gjaldfellingu - greiðsluáskorun ásamt birtingarvottorði, dags. 12.11.2025.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kynni að hafa framangreint skuldabréf undir höndum eða telja til réttar yfir þeim að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði miðvikudaginn 15. apríl 2026 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella megi búast við að útvistardómur gangi í málinu og krafa

stefnenda um ógildingu skjalanna verði tekin til greina.
Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Hafnarfirði, 4. mars 2026.

Jónas Jóhannsson dómstjóri.

Kópavogi, 12. mars 2026
Atli Björn Þorbjörnsson lögmaður.
20260313034A

Lögbirtingablað,
44. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi
Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.